

**Nd.**

**937. Frumvarp til laga**

[503. mál]

um getraunir Öryrkjabandalags Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Öryrkjabandalagi Íslands leyfi til þess að starfrækja getraunir er fram fara með þeim hætti að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð bókstafa.

Heimild þessi gildir til ársloka 1990.

2. gr.

Gjald fyrir þátttöku í getraunum Öryrkjabandalagsins (miðaverð) ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum frá stjórn Öryrkjabandalags Íslands.

3. gr.

Helmingi af heildarsöluverði miða hverju sinni skal varið til vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla.

4. gr.

Óheimilt er öðrum en Öryrkjabandalagi Íslands að starfrækja getraunir með þeim hætti sem um ræðir í 1. gr.

5. gr.

Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands.

6. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi getraunanna, að fengnum tillögum frá stjórn Öryrkjabandalags Íslands.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Öryrkjabandalag Íslands hefur farið fram á leyfi til happdrættis (getrauna), er fram fari með þeim hætti, að þátttakendur skrá eða velja röð bókstafa. Gert er ráð fyrir því, að miðaútgáfa fari fyrst og fremst fram með aðstoð tölvukerfis og að vinningar í happdrætti þessu (getraunum) verði greiddir út í peningum.

Samkvæmt lögum um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), nr. 6/1926, er óheimilt án lagaheimildar að setja á stofn peningahappdrætti eða önnur þvílík happspil.

Frumvarpið felur í sér heimild til dómsmálaráðherra til þess að leyfa Öryrkjabandalaginu að reka slíka getraunastarfsemi til að afla fjár til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja. Að öðru leyti en því, sem greinir í frumvarpinu, er gert ráð fyrir því, að sett verði nánari ákvæði um starfsemina í reglugerð.